


Skoðanakönnun meðal félagsmanna SVP

Allflest aðildarfélög SVP virðast sátt við samtökin sín og telja þau sinna hlutverki sínu eins og til er ætlast. Þó virðist sem minni þjónustufyrirtækin innan samtakanna telji að hagsmunum þeirra sé ekki eins vel sinnt og stærra fyrirtækjanna. Þetta eru meðal niðurstaðna úr skoðanakönnun meðal 50 aðildarfyrirtækja samtakanna sem framkvæmd var í febrúar sl. Það var fyrirtækið Lausnir ehf. sem framkvæmdi könnunina fyrir SVP.


Niðurstöðurnar voru kynntar á aðalfundi SVP 8. mars 2005 og stjórn samtakanna hefur fjallað um þær. Fyrirhugað er að fjalla nánar um niðurstöðurnar á almennum félagsfundi og í stefnumótun stjórnar samtakanna.

Hér má sjá niðurstöður úr nokkrum spurninganna:

▶ Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar SVP er nefnt á nafn? SPURNING 1




▶ Hverjar finnst þér vera sterkar hliðar samtakanna? SPURNING 2



Hverjar finnst þér vera veifar hliðar samtakanna?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Hallar á þjónustufyrirtæki og smærri fyrirtæki	22%
Ekki nógu skeleggir	12%
Kjaramálin	6%
Óljós ímynd	4%
Annað	8%
Veit ekki	48%



Hvert telur þú hlutverk SVP vera?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:

Hagsmunagæsla / stuðningur	64%
Upplýsinga- og kynningarstarf	14%
Sinna öllum félögum jafnt	8%
Samningar / kjaramál	6%
Samnefni / samhæfing	4%
Veit ekki	4%



Hvernig telur þú að SVP hafi rækt hlutverk sitt / sinnt þínum hagsmunum?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Mjög vel	24%
Vel	40%
Þokkalega vel	20%
Ekki nógu vel	10%
Veit ekki	6%



Hvaða málefni / starfsemi telur þú að SVP eigi að leggja mesta áherslu á?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:


Hagsmunagæsla	30%
Skattamál / tollamál	12%
Samningar / kjaramál	12%
Frjálsræði í verslun	8%
Sinna öllum jafnt	8%
Kynningarstarf	6%
Þjónusta við félagsmenn	4%
Hagsmunagæsla gagnvart kortafyrirtækjum	4%
Annað	6%
Veit ekki	10%



Hver er einkum gagnsemi þess fyrir þig að vera félagi í SVP?

Svörin var 100% og skiptust svörin þannig:

Að hafa málssvara / samtakamáttur	36%
Samningar / kjaramál	16%
Ýmis aðstoð	10%
Aðild að SA	8%
Fræðslumál / fréttabréf	6%
Ekkert gagn	14%
Veit ekki	10%



Hvernig er reynsla þín af þjónustu SVP almennt?

Svörin var 74% og skiptust svörin þannig:

Mjög góð	24%
Góð	62%
Þokkaleg	14%

